

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 30. nóvember 2022:

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að íbúðir standi ekki auðar – US220311

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að vinna með umhverfis- og skipulagssviði að mótun reglna sem komi í veg fyrir að íbúðarhúsnæði standi autt til lengri tíma. Þar verði kveðið á um að ef íbúð hefur verið laus í 6 mánuði þurfi eigandi hennar að gera borginni ljóst fyrir að svo sé. Jafnframt verði kveðið á um að ef enginn hafi haft búsetu í húsnæðinu í síðustu 12 mánuði leiði það til sektargreiðslna, allt að 300.000 krónum. Í kjölfarið munu borgaryfirvöld hafa samband við viðkomandi eiganda og leita leiða til að íbúðin verði nýtt aftur. Sem lokaúrræði, eftir 12 mánuði getur borgin skilgreint íbúðina sem óhagnaðardrífna leigugeiningu. Nánari útlistun á reglum fylgir í greinargerð.

Greinargerð:

Fyrirmynd þessa fyrirkomulags er í Amsterdam í Hollandi. Með þessu hafa borgaryfirvöld komið í veg fyrir að aðilar safni til sín eignum á kostnað þeirra sem vantar þak yfir höfuðið. Reykjavíkurborg verður að axla ábyrgð þegar kemur að húsnæðiskrísunni og leggja til markvissra og skilvirkra aðgerðir sem hafa skilað árangri í öðrum löndum. Með því að takmarka uppsöfnun á íbúðarhúsnæði er verið að skapa meira framboð fyrir þau sem þurfa á þessari grunnþörf að halda.

Lagt er til þess eigendur íbúðarhúsnæðis verði brýndir til þess að tilkynna umhverfis- og skipulagssviði ef íbúð hefur staðið auð í 6 mánuði og að umhverfis- og skipulagssvið haldi utan um skráningarsíðu þar sem hægt væri að koma fram ábendingum um íbúðir sem hafa staðið auðar til lengri tíma. Hafi íbúð staðið auð í 6 mánuði hafi sviðið heimild til þess að senda íbúðareiganda bréf sem hvetur til þess að íbúðin verði nýtt. Hafi slíkt ekki átt sér stað 4 mánuðum frá þeim tíma fær íbúðareigandi viðvörðun um að ef ekki verði brugðist við geti viðkomandi átt von á sekt. Ef enginn hefur átt búsetu í húsnæðinu síðustu 12 mánuði leiði það til sektargreiðslna, allt að 300.000 krónum. Þetta er gert til þess að tryggja að íbúðir þjóni tilgangi sínum, að íbúar búi í húsnæði. Sé búseta ekki í íbúðinni innan þess tíma er lagt til að Reykjavíkurborg hafi heimild til þess að skilgreina íbúðina sem óhagnaðardrífna leigugeiningu þar sem leigjendur geti óskað eftir búsetu. Mikilvægt er í þessu samhengi að tryggja leigjendum öruggan leigusamning. Lagt er til að sama fyrirkomulag gildi vegna íbúða ætlaða til sölu sem hafa ekki selst innan 12 mánaða.